

## Yfirlit um lagnaðarís á nokkrum fjörðum við Ísland



---

Eiríkur Valdimarsson

# Yfirlit um lagnaðarís á nokkrum fjörðum við Ísland

---

Eiríkur Valdimarsson, Háskóla Íslands

<b>Skýrsla nr.:</b> VÍ 2010-010	<b>Dags.:</b> Október 2010	<b>ISSN:</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Yfirlit um lagnaðarís á nokkrum fjörðum við Ísland		<b>Upplag:</b> 10	
		<b>Fjöldi síðna:</b> 21	
<b>Höfundar:</b> Eiríkur Valdimarsson		<b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Jórunn Harðardóttir	
		<b>Verkefnisstjóri:</b> Trausti Jónsson	
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>		<b>Verknúmer:</b> 4865-0-0001	
<b>Unnið fyrir:</b> AVS Rannsóknasjóð í sjávarútvegi			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Veitt er yfirlit um lagnaðarísmyndun í nokkrum fjörðum við Ísland. Þetta yfirlit byggir á heimildasöfnun Eiríks Valdimarssonar þjóðfræðings sem var gerð á vegum verkefnisins Myndun lagnaðaríss í íslenskum fjörðum, sem styrkt var af AVS – Rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Mestmegnis er fjallað um firði þar sem sjókvíaelði hefur verið stundað.			
<b>Lykilorð:</b> Lagnaðarís, hafís, ísmýndun, veðurfar		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b> 	
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
		<b>Yfirfarið af:</b> SG, HB	



## Efnisyfirlit:

1	Inngangur.....	7
2	Söfnun heimilda um lagnaðarís .....	7
3	Ferðirnar .....	7
	Ísafjarðardjúp.....	7
	Skutulsfjörður .....	8
	Álftafjörður.....	8
	Seyðisfjörður .....	9
	Hestfjörður.....	9
	Skötufjörður.....	10
	Mjóifjörður .....	10
	Reykjafjörður.....	10
	Ísafjörður .....	11
	Tálknafjörður.....	13
	Patreksfjörður .....	15
	Eyjafjörður.....	15
	Berufjörður .....	16
	Mjóifjörður .....	19
4	Yfirlit .....	19
5	Leiðarlök.....	20
	Heimildir .....	21



# 1 Inngangur

Sá hluti rannsóknar um myndun lagnaðaríss í íslenskum fjörðum sem hér verður til umfjöllunar fólst einkum í því að starfsmaður hafði samband við einstaklinga sem búa við nokkra af þeim fjörðum þar sem sjókvíaeldi er eða hefur verið stundað, auk þess sem nokkrir aðrir staðir voru til skoðunar. Tilgangur þessa var að ræða við fólk um reynslu þess af nýmynduðum ís í íslenskum fjörðum, og þannig víkka þekkinguna á honum með því að leita til fólks sem hefur reynslu á að fylgjast reglulega með haffletinum, jafnvel daglega. Hér verður fjallað um hvernig slíkra upplýsingar var aflað, og því velt upp hvaða upplýsingar fengust við þessa heimildaöflun og hvaða þekkingu hún kann að færa í samhljóm við aðrar athuganir á þessu sama viðfangsefni.

## 2 Söfnun heimilda um lagnaðarís

Þó svo að tilraunir með sjókvíaeldi hafi hafist hér á landi strax árið 1972<sup>1</sup>, er ljóst að rannsóknir á nýmynduðum ís í íslenskum fjörðum eru fremur nýjar af nálinni. Því var það ljóst í upphafi að þekking fólks sem hefur starfað í nálægð við firðina, kynnst ísnum af eigin raun í leik og starfi, hefur mikið að segja til að þekking á þessu fyrirbæri aukist og hægt verði að sjá fyrir um myndun íssins, hnignun hans, hreyfileika o.frv.

Í þeim hluta sem sneri að heimildaöflun frá einstaklingum, var farin sú leið að Eiríkur Valdimarsson þjóðfræðingur var fenginn til að afla slíkra upplýsinga með því að hringja í ýmsa tengiliði að þessu verkefni á ólíkum landsvæðum og þannig fá nöfn fólks sem kynnu að veita góðar upplýsingar og búa yfir vitneskju um lagnaðarís frá fyrstu hendi. Þessi aðferð er í anda snjóboltaaðferðarinnar, þar sem tengiliðir benda á einstaklinga sem eru fróðari og svo koll af kalli og þannig fást góðir heimildamenn á hverjum stað. Þegar búið var að kanna landið með þessum hætti voru ferðir skipulagðar á tiltekna staði til þess að freista þess að hitta fyrir þessa einstaklinga og fá frá þeim upplýsingar með samtölum. Ekki voru allir reiðubúnir til að hitta Eirík þegar hann var á staðnum, og voru því nokkur símaviðtöl tekin við fólk og þau látin duga, enda fegnust oft ágætari upplýsingar með þeim hætti.

Í þessari samantekt verða þær upplýsingar sem bárust frá heimildafólki tíundaðar, og vísað þar til viðtala sem tekin voru á fyrri hluta árs 2009. Til að fá betri tilfinningu fyrir legu og útliti fjarðanna voru teknar ljósmyndir sem munu fylgja þessu texta eins og við á.

## 3 Ferðirnar

Í heildina voru farnar þrjár ferðir þar sem dvalið var í 3–4 daga á hverju svæði í senn. Ferðast var fyrst til Ísafjarðar og um firðina þar suður með, 8.–11. janúar 2009; til Djúpvogs og um Berufjörð, 1.–4. mars 2009; og til Tálknafjarðar og til Patreksfjarðar, 18.–20. maí 2009.

### Ísafjarðardjúp

Fyrsta ferðin sem farin var í þessari gagnaöflun var farin til Ísafjarðar dagana 8. til 11. janúar 2009. Ástæðan fyrir því að þessi áfangastaður var valinn í upphafi var sú að þar

---

<sup>1</sup> Valdimar I. Gunnarsson (2008), bls. 7.

hefur Veðurstofa Íslands starfsstöð þar sem hægt var að fá ráðleggingar og tilsjón frá starfsfólki, sem og starfsmönnum Hafrannsóknarstofnunar enda benti Hjalti Karlsson á góða viðmælendur áður en lagt var af stað í ferðir frá Ísafirði.

Hér verður fjallað um þær upplýsingar sem bárust frá hverjum firði fyrir sig, í þeirri röð eftir því sem fjær dregur frá Ísafjarðarbæ.

### Skutulsfjörður

Sigurjón Hallgrímsson sjómaður á Ísafirði segir að það hafi oft verið ís á Pollinum í Skutulsfirði, en þar sé nú komin höfn beggja megin við tangann sem markar Pollinn. Hann segir að oft hafi verið erfitt að komast út fyrir tangann vegna íss. Hann segir að Pollurinn kólni svo hratt enda renni mikið af vatni í hann og ef það var mikið frost og logn þá lagði hann eða skúmaði eins og það var kallað. Var mjög fljótur að leggja, 1–2 sólarhringa. Sama má segja inn á fjörðunum, segir Sigurjón, að ef það var logn og frost þá urðu menn að fara gætilega, það var bara staðreynd. Til að mynda segir hann að margir hafi verið skeptískir þegar höfnin var byggð fyrir innan tangann, því það gat verið erfitt að sigla út úr henni fyrir þessum skarís eða skerís.

### Álftafjörður

Að sögn Guðmundar Halldórssonar á Svarthamri hefur ósköp lítið lagt í Álftafirði þennan vetur þrátt fyrir miklar froststillur. Það hefði verið aðeins í botni fjarðarins, en þegar ég ræddi við hann þann 5. febrúar 2009 hefði þetta horfið að mestu. Um ástæður þess að svo lítið hafi verið í firðinum taldi Guðmundur líklegustu skýringuna vera þá að á undan þessum stillum hafi verið norðanáttir, en þær hafi borið saltríkan sjó inn í fjörðinn og þannig hafi ísinn síður getað myndast nema í botninum þar sem fjórar ferskvatnsár renna út í fjörðinn. Vestanáttir voru oftast taldar boða lagnaðarís.



*Mynd 1. Sjókvíar í Álftafirði við Súðavík. Langeyri skýlir þeim fyrir hugsanlegum ís sem rekur út fjörðinn. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

Ís var oftast talinn myndast í febrúar og mars. Þó segir Guðmundur að ís myndist ekkert núorðið, það sé aldrei neinn snjór og hann sé meira að segja meiri fyrir sunnan um þessar mundir! Hann teldur að lítið hafi lagt í Álftafirði síðustu 10 ár eða svo.



Þegar ísinn brotnar upp gerist það í stórum flekum sem reki út fjörðinn. Það er mjög veðursælt í Álftafirði, helst að það komi einhverjar hviður í vestanáttum. Því er það ekki endilega vindur sem brýtur ísinn upp, heldur miklu frekar undiralda sem berst úr Djúpinu ef þar hefur verið mikið brim. Þessi undiralda kemur því ísnum af stað og Guðmundur segir að ísinn hrannist upp á svokallaðri Langeyri sem er rétt við Súðavíkurþorpið. Þar hinumegin eru síðan sjókvíar og má segja að Langeyri verji þær fyrir ís að einhverju leyti (mynd 1).

### Seyðisfjörður

Guðmundur Halldórsson á Svarthamri þekkir lítið til lagnaðaríss í Seyðisfirði. Hann segir þó að sá fjörður sé allt öðruvísi en Álftafjörður, hann sé styttri og mun opnari fyrir Djúpinu. En sennilega legði eitthvað í botni Seyðisfjarðar. Þar eru þó staðsettar sjókvíar (mynd 2).



Mynd 2. Sjókvíar í Seyðisfirði. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)

### Hestfjörður

Kristján Kristjánsson frá Hvítanesi segir að það geti vel komið fyrir að firði leggi snemma á haustin, sérstaklega eftir miklar rigningar ef það gerir frost og stillur í kjölfarið. Hann man sérstaklega eftir því þegar hann var 10 ára, haustið 1953, nánar tiltekið síðasta mánu- daginn í september í hans fyrstu göngum, þá var mikill ís í botni Hestfjarðar en þangað var fé sótt.

Kristján segir að ísinn geti haldist nokkuð lengi frameftir og orðið mjög þykkur. Í Hestfirði nær hann oft út að Eiði, en sá staður er um það leyti sem vegurinn beygir inn fjörðinn.

Ísinn rekur venjulega út í sunnanáttum, þá í breiðum. Hann hefur séð slíkar breiður skera af eyrum og róta upp grjóti í fjöruborðinu. Ef það kemur síðan norðanátt, brýtur hún oft breiðurnar niður, þannig að innst í fjörðunum safnast saman íshröngl. Slíkt er t.a.m. nokkuð núna í vetur í Hestfirði.

## Skötufjörður

Kristján Kristjánsson frá Hvítanesi man eftir því að í kringum 1960 hafi Langanesið komið siglandi frá Ísafirði og inn á Skötufjörð. Þar hafi skipið vanalega hitt fyrir mikinn og þykkann ís og siglt inn í hann uns skipið stoppaði. Síðan hafi fólk gengið frá borði og verlað á ísnum, hann hafi verið vel mannheldur.

Sigurjón Hallgrímsson rækjusjómaður fór eitt sinn með búfræðing inn í Skötufjörð sjóleiðina og þeir lentu í íslagi sem hafði myndast um nóttina. Hann hafði ekki viljað neita mannum og fór samt. Síðan tók hann eftir því að báturinn tók að halla, síðan sá hann að hann var farinn að leka. Borðið hafði rifnað, og hann þurfti að fara með bátinn í slipp daginn eftir. Eina skiptið sem hann man eftir því að hafa skemmt bát með ís. En hann passaði sig alltaf á þessu, enda var alltaf hægt að búast við þessu.

## Mjóifjörður

Litlar upplýsingar um langaðarís fengust frá Mjóafirði, en hann hefur nú verið brúaður við minni fjarðarinn (mynd 3). Að sögn Sigurjóns Hallgrímssonar rækjusjómans verður lagnaðarísinn mjög beittur, en þegar ég spurði hann hvort hann mundi eftir slysum af völdum lagnaðaríss minnst hann þess að bátur hafi eitt sinn sokkið í Mjóafirðinum, en hann man ekki hvort það var af völdum íss. En man annars ekki eftir því að nokkur hafi sokkið.



Mynd 3. Brúin yfir Mjóafjörð, 9. janúar 2009. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)

Ég spurði Jóhönnu Kristjánsdóttir bónda í Svansvík út í ís í fjörðunum við Djúpið í símaviðtali 6. febrúar, en þá hafði hún heyrt að Mjóifjörður væri alveg íslaus. Það kom henni mjög á óvart þar sem hann var vanur að leggja á undan öðrum fjörðum við Djúpið, en á sama tíma var kominn nokkur ís í Ísafirði. Þar koma upp þælingar varðandi nýju brúna sem búið er að koma fyrir í mynna fjarðarinn og hugsanleg áhrif hennar.

## Reykjafjörður

Jóhanna Kristjánsdóttir frá Svansvík segir að Reykjafjörðinn, sem er lítill fjörður við Reykjanesið norðan við Ísafjörð, leggi alltaf alveg og það hafi gerst síðast í vetur. Sá

fjörður er reyndar nokkuð þröngur, auk þess sem búið er að brúa hann og loka honum nánast alveg sem kann að hafa einhver áhrif þar á.

### Ísafjörður

Út í Ísafjörð, sem er innsti fjörðurinn í Ísafjarðardjúpi, renna mjög margar ferskvatnsár, sérstaklega í botni fjarðarins, sem kann að flýta fyrir myndun íss þar. Enda bendir örnefnið til þess að þar megi vænta ísa. Ísafjarðarár er býsna vatnsmikil á þar sem hún rennur út í sjó.



*Mynd 4. Ísafjarðará rennur út í Ísafjörð, 9. janúar 2009. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

Jóhanna Kristjánsdóttir í Svansvík við Ísafjörð segir að í norðanáttum verði aldrei svo mikill vindur og hefur ísinn því kannski meiri tíma til að myndast, sem og kann að valda því að hann helst lengur þar sem vindhreyfing er ekki eins mikil og víða annarsstaðar. Í sunnan- og suðaustanáttum getur orðið mjög hvasst og í slíkum áttum fer oft ísinn og hverfur. Hann rekur oft í nokkrar eyrar sem eru við veginn vestanmegin, en mun síður hinumegin. Jóhanna sagði að gerðist hreinlega ekki.

Þegar ég var á ferðinni þarna (9. janúar 2009) hafði verið rakin blíða og allur ís horfinn, en fyrr um veturinn hafði verið mikill ís í Ísafirðinum og náði hann alveg fram að Eyri, sem Jóhanna kallaði og er eyðibýli (mynd 4).

Tveim dögum síðar þegar ég var á leiðinni frá Ísafirði til Reykjavíkur, keyrði ég enn framhjá Ísafirði. Þá hafði gert kulda og fannfergi, enda mátti þá sjá í botni fjarðarins nokkurn ís sem var farinn að myndast (mynd 5). Því ákvað ég að hringja í Jóhönnu þann 6. febrúar til að forvitnast um þann ís sem þarna hafði verið að myndast. Jóhanna sagði að þá undanfarið hafði verið 10–12 gráðu frost og logn, þannig að ís hafði myndast í Ísafirði af hörku. Í fyrstu var ísinn aðeins bundinn við botninn þar sem árnar renna út í fjörðinn. En um þetta leyti var ísinn kominn að vegamótunum hjá Eyri yfir Eyrarfjall og ekki ólíklegt að hann hafi náð enn lengra, en þetta var sami staðurinn og ísinn hafði náð lengst veturinn á undan.



*Mynd 5. Botn Ísafjarðar 11. janúar 2009. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

Ísinn getur orðið mjög harður og þykkur og þegar hann brotnar upp þá rekur hann í nokkrar eyrar sem eru við veginn. Og þegar hann er að brotna upp og reka með þessum hætti geta oft verið mikil læti í honum segir Jóhanna.



*Mynd 6. Borgarey í Ísafjarðardjúpi, 9. janúar 2009. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

Aðrir viðmælendur sem ég hef rætt við eru sammála um að í Ísafirði myndist helst ís af þeim fjörðum sem eru við Djúpið. Rafn Oddsson rækjusoamaður man sérstaklega eftir ís í Ísafirði, þar sem breiðan gat orðið mjög þykk og breið og náði úr botni fjarðarins og að Borgarey (mynd 6). Guðmundur Halldórsson frá Svarthamri minntist á að hann teldi sennilegt að það legði mest í Ísafirði af þeim fjörðum sem liggja við Djúpið.

## Tálknafjörður

Þann 18. maí 2009 var enn flogið til Ísafjarðar og þaðan ekið til Tálknafjarðar. Í Tálknafirði hefur verið stundað sjókvíaelði um nokkurt skeið og reynsla komin á slíka starfssemi og ágætis þekking á hegðun íss þar um slóðir.

Sigurvin Hreiðarsson á Tálknafirði hefur verið sjókvíar í Tálknafirði um nokkura ára skeið og heldur skráningu um myndun íssins reglulega. Hann segir að ís byrji að myndast í nóvemberlok, og búast megi við honum fram í mars. Á þessu tímabili má búast við nógum ís í Tálknafirði og hefur hann lítið minnkað á undanförunum árum.

Þó ber að taka það fram að aðspurður um hvort ísmyndun hafi ekkert breyst í seinni tíð, segir Sigurvin að þegar hann hafi verið polli hafi hann leikið sér að því að hoppa á milli jaka á Hópinu, en slíkt sjáist ekki lengur. Við Tálknafjörð er mjög veðursælt og oftast stillt veður, t.d. nær norðanáttin sér aldrei upp hér. Þannig geta stillur með hitastiginu mínus 2–3 gráður í sjó og á yfirborði varað lengi á veturna og því er ísinn mjög algengur. Þess ber einnig að geta að sólin sést ekki á Tálknafirði frá desember og fram til 20. janúar, þannig á því tímabili nýtur hennar ekki við að bræða þann ís sem myndast yfir nótt. Til að mynda var ísinn í vetur allt að 30 cm þykkur, þannig að plastbátar frusu inni í höfninni.

Út í Tálknafjörð (Hópið) renna fjölmargar ferskvatnsár, sem kann að ýta undir myndun íss að einhverju leyti. Sigurvin segir að það sé hægt að fylgjast með ísnum myndast, þ.e. hvernig sjórinn umbreytist í ís og flekar taka að myndast. Á einni nóttu getur allt Hópið fyllst af ís, en síðan kann ísinn að hverfa yfir daginn (mynd 7).



Mynd 7. Hópið í Tálknafirði. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)

Ísinn getur síðan farið af stað þegar SA- og A-áttir ýta honum út fjörðinn. Þá brotnar ísinn á ströndinni og safnast oft saman í massa við Eyrina, Hópsmegin. Smájakar fara stundum framhjá Eyrinni og fljóta þeir iðulega þeim megin sem Eyrin stendur. En þar eru staðsettar sjókvíar, sem þó eru í lítilli hættu þar sem klakinn sem þangað berst er oftast lítill og hættulítill (mynd 8).



*Mynd 8. Eyrin í Tálknafirði. Sjókvíar má sjá ofarlega til vinstri. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

Áður fyrr voru kvíarnar innan við Eyrina í Hópinu, en að sögn Sigurvins eru afar góðar aðstæður fyrir eldi þar. En vegna vandræða með ísinn voru kvíarnar færðar utan við Eyrina. Sigurvin hefur gert tilraunir með að sökkva kvíunum og m.a. notað heimagerðan útbúnað í stað þess að kaupa sérhannaðan búnað sem getur hlaupið á milljónum. Einnig hefur það komið fyrir að þar hafi þurft að sigla í gegnum ísinn og brjóta hann þannig niður í minni einingar, og hefur það gefist vel við að halda ísnum í skefjum.

Ég átti ágætis samtál við Magnús Kr. Guðmundsson sjómann á Tálknafirði, bæði í síma í febrúar og síðan hitti ég hann á heimili hans á Tálknafirði í maí. Hann sagði að ísinn hefði þennan vetur verið allþykkur, rétt eins og fram kom hjá Sigurvini. Magnúsi fannst ísinn vera jafnvel þykkari en hann hefði verið í einhverja áratugi enda voru aðstæður til ísmyndunar lengi mjög hentugar, blíða og logn og þetta -6 til -7 gráður. Hann segir að það hafi verið ótrúlega stillt veðrið í ár, 2009, miðað við veðrasveiflurnar sem voru í fyrra og hitteðfyrra.

Hann segir að ísinn byrji mjög fljótt að myndast, það byrji að skúma við frostmark, jafnvel þegar sjórinn er heitari.

Magnús segir að það sé mikið af fersku vatni sem renni út í fjörðinn, á mörgum stöðum. Honum finnst það hafa verið mjög mikið af vatni í fjöllunum í ár og það hafi runnið út í Tálknafjörð. Hann sagði að ísinn hefði nú í vetur hefði verið með mikinn glans, sem sé óvenjulegt miðað við hvernig hann hafi verið að undanfögnu. Auk þess var ísinn óvenju snemma á ferðinni í ár, þar sem ís myndaðist oftast í febrúar og fram í mars, þegar sjórinn var sem kaldastur. Þegar ég talaði við hann í síma 13. febrúar taldi hann í ísinn væri þá þegar um 20 cm þykkur.

Á þessum slóðum kemur kaldur sjór helst í vestanátt. Þá berist mjög kaldur sjór frá Breiðafirði, þar sem hann hefur náð að kólna verulega á grynningunum, og inn í firðina Patreksfjörð og Tálknafjörð. Þegar komið er síðan í Arnarfjörð gætir áhrifa þessa kalda sjós síður.

Ísinn í Tálknafirði er vanur að haldast nokkuð vel, jafnvel er hann að velkjast fram á vorið þar til hann hverfur. Hann er ekki vanur að fara út fyrir Oddann á Tálknafirði, enda er það


nokkuð öflug þrenging. Magnús minnst þess ekki að hafa séð ísspöng reka þar fram með, og ísinn nær aldrei að Suðureyri. Ísinn hopar oft í suðaustan átt. Harðasta áttin í Tálknafirði er þó sunnan og suðaustan átt, en þá fer saman öflugri bára sem síðan brýtur ísinn. Í þessari vindátt kemur vindurinn niður fjallshlíðarnar og getur verið mjög hörð.

Magnús telur að besta leiðin til að brjóta upp ís sem myndast í námunda við eldiskvíar sé að vera með góðan bát sem sé notaður er til að sigla í gegnum ísinn. Þegar hann var með eldi inn í Hópinu í Tálknafirði, voru oft miklar áhyggjur í tengslum við þennan ís.

Í lokin minntist Magnús þess að fyrir „heilum mannsaldri“ þegar hann var ungur fyrir 70 árum hafi ísinn verið ætíð mannheldur, og var notaður sem einskonar samkomu- og leiksvæði á kvöldin þar sem fólkið safnaðist saman.

## **Patreksfjörður**

Hann bar saman Tálknafjörð og Patreksfjörð, en í Patreksfirði er Sigurvin með eina sjókví auk þess sem annar aðili er þar með aðra. Patreksfjörður er mun opnari heldur en Tálknafjörður og er ekki eins þröngur (mynd 9), enda hefur gjarnan verið sagt að þar eigi ekki að myndast lagnaðarís. Þó hefur það komið fyrir í Ósafirði, sem er innst í firðinum og árið 2007 dró lagnaðarís með sér kví sem þar var staðsett án þess þó að valda miklu tjóni.<sup>2</sup> Magnús Kr. Guðmundsson kvaðst vita lítið um hvernig umhverfið væri í Patreksfirði þegar ég spurði hann um íssmyndun þar, en vissi þó að Ósafjörður frysi oft alveg.



*Mynd 9. Mynni Patreksfjarðar. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

## **Eyjafjörður**

Við undirbúning þessarar skýrslu gafst ekki tími til að ferðast til Eyjafjarðar. Til að bæta úr þeim skorti var hringt í aðila sem til svæðisins þekkja og efni frá þessum slóðum skoðað nánar.

---

<sup>2</sup> Valdimar I. Gunnarsson (2008), bls. 18–19.

Valdimar Gunnarsson talar um það í skýrslu sinni<sup>3</sup> að Pollurinn við Akureyri leggi svo til á hverju ári, og hætta er á að ís þaðan reki út fjörðinn að austanverðu, en sú staðreynd hafði áhrif á starfsemi eldisstöðva við Svalbarðseyri sem höfðu kvíarnar á landi yfir veturinn, settu þær út á sjó á vorin og slátruðu síðan fiskinum um áramótin (Valdimar Gunnarsson, 2008:19). Dæmi er um að ís hafi skemmt sjókvíar við Svalbarðseyri og drepið þar fisk.

Víðir Björnsson í Hrísey segir að á síðustu 8 árum hafi hann tvisvar orðið var við lagnaðarís. Í fyrra skiptið þegar þeir urðu varir við lagnaðarís var árið 2002 við Skjaldarvík, en í síðara skiptið varð vart við ís síðastliðinn vetur, sennilega í janúar eða febrúar 2010. Þá var mjög mikill ís um 500 metra austur af Hauganesi. Um var að ræða afar stóra spöng sem ekki sá fyrir endann á. Á undan höfðu verið miklar stillur og frost í allavega 10 daga. Víðir telur að þetta hafi ekki komið úr Hörgánni enda er hún sunnan við Hauganes, heldur hafi ísinn frekar myndast á þessum stað. Það var mjög erfitt að sigla á 30 tonna bát í gegnum þetta enda á að giska 10-15 cm þykkur ís, en þeir urðu varir við ísinn í um 4 daga.

Víðir nefnir að í kringum Hrísey sé afar jöfn selta, í samanburði við t.d. Dagverðareyri þar sem selta er minni og mun meiri stillur. Dagverðareyri er sunnan við ósa Hörgár, og því ættu straumar að flytja ís frá Hörgá þangað. Straumar virðast fara inn Eyjafjörð með vesturlandinu og út með austurlandinu. Ís sem myndaðist í kringum Fnjóskána fer t.a.m. með austurlandinu.

Gunnar Blöndal var með sjókvíar austan Eyjafjarðar, m.a. við Knarrarnes þar sem ís frá Pollinum gat oft rekið ansi nálægt kvíunum, þannig að ekki munaði nema 20-40 metrum. Annars rak ís gjarnan með straumum frá landi þannig að hann hafi ekki mikil áhrif á eldið. Á undanförunum árum hefur krapí og ís varla sést, en ís af þessu tagi myndast í logni og fór gjarnan fyrst að sjást eftir áramót. Enda segir Gunnar að veðurfar hafi breyst mjög mikið að undanförunum árum, til að mynda sést ekki lengur SV áttin sem var eina áttin sem gat komið sjónum í Eyjafirði á hreyfingu fyrir nokkrum árum.

## Berufjörður

Í byrjun mars 2009 var flogið til Egilsstaða og þaðan ekið til Djúpavogs. Við Berufjörð hefur um hríð verið stundað sjókvíaeldi og í dag eru kvíar staðsettar við Glímeysi (mynd 10).

Á leið minni inn Berufjörð kom ég fyrst við hjá Guðmundi Val Gunnarssyni, bónda í Lindarbrekku. Hann sagði mér að ísinn myndaðist oftast Berufjarðarármegin þar sem Berufjarðará rennur út í fjörðinn, fremur en við ósa Fossár en fjallið Fossárfell skilur á milli þeirra og býr Guðmundur nærri Fossá. Þó getur komið skýma Fossárdalsmegin og getur slíkt myndast jafnvel þótt það sé við frostmark og/eða hiti, en þá hljóti að vera mikið ferskvatn í sjónum. Ef það kemur smá snjómugga ofan á ís sem er að myndast í köldu og kyrru veðri verður ísinn fljótari að myndast.

Guðmundur sagði mér sögu að árið 1966 þurfti að fara með kýr þvert yfir Berufjörðinn til þess að setja undir naut. Þá var gengið með kúna yfir ísinn, en þá náði ísröndin alveg að þar sem heitir Eyri (Þúfeyri). Ísinn var því mann- og kýrheldur. Þetta þótti mikill ís, og síðan þá hefur ekki komið eins mikill ís í samanburði.

Bragi Gunnlaugsson bóndi á Berufirði II segir að þegar það sé lyngt, sérstaklega þegar búið er að rigna nýlega, þá sé óðara frosið í botni Berufjarðar þar sem hann býr. Rétt eins

---

<sup>3</sup> Valdimar I. Gunnarsson (2008), bls. 16.



og fram kom í samtali við Guðmund í Lindarbrekku, man Bragi ekki eftir því að sjórinn frysi lengra en út undir Þúfeyri (norðanmegin við fjörðinn, gegnt Lindbrekku) en það voru dæmi þess að ísinn næði lengst út undir Djúpavog og á honum væri hestfæri. Sömuleiðis var Bragi á því að ís myndaðist fremur Berufjarðármegin, frekar en við ósa Fossár.

Ef ísinn er aðeins þunnt skæni þarf ekki veður til að ísinn brotni. En norðan og norðvestan vindar eru líklegastir til að reka hann af stað ef það er orðið nokkuð meira en skæni.

Ef það frýs alveg innan að leiru (landið/grynningin innst og sunnanmegin í firðinum) þá étur alltaf af sér við suður-landið, gegnt Berufirði II. Þó það frjósi snöggvast, þá er komin vök á nokkrum dögum og stækkar smám saman. Þessi vök er nefnd Prestavök, en í henni druknaði einu sinni prestur er hann fór niður um ísinn. Þá hefur verið ís á firðinum, en þó svona veikur. Hann hafði komið til að finna bróður sinn sem þá var prestur í Berufirði. Þessi var prestur á Hálsi í Hamarsfirði og druknaði þarna í vökinni og það er talið að þetta hafi gerst árið 1809. Trúlega er þessi vök komin til vegna einhverskonar jarðvolgru eða hitauppspretna á Leirunni.

Bragi segir að árið 1966 var nýlega byrjuð mjólkursala og þá var mikill ís, en auð renna upp með Þúfeyrinni og hægt að fara á bát upp rennuna og þangað var farið með mjólkina á sleðum og dráttarvélum við illan leik, og út á ísinn þangað sem báturinn lagðist að honum. Síðan voru brúsarnir handlangaðir um borð við ísskörina.

Að sögn Braga hefur ekki verið mikill ís í vetur, fyrir utan að hann hélst í nokkra daga snemma í febrúar 2009. Fyrir þann tíma hefur svosem verið hægviðrasamt, t.d. um hátíðarnar, en það var ekkert frost þannig að ís myndaðist ekki. Í nóvember var mjög hvassviðrasamt hjá þeim.

Til samanburðar var áhugavert að fá lýsingu frá einhverjum sem hefði kynnst ísnum frá sjó, og heimsótti ég því Sigurð Jónsson sjómann á Djúpavogi. Þessi renna sem Bragi ræddi um og myndast með norðurströnd Berufjarðar kemur ágætlega heim og saman við lýsingu Sigurðar. Hann sagði að þegar skammdegið væri enn mikið myndaðist stór skuggi á haffleti Berufjarðar þar sem fjöllin skyggja á sólina. Þar sem skugginn var myndaðist frekar ís eins og gefur að skilja. Sigurður tók sérstaklega eftir því þegar sólin fór að skína lengur þegar leið fram á árið, þá var kannski meiri ís sunnarlega í firðinum þar sem skugginn hélst lengur, og norðanmegin skein sólin á hafflötinn þegar komið var fram í mars/apríl og þá gat sjórinn orðið alauður þar.



*Mynd 10. Ísmyndun í höfninni í Djúpavogi. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)*

Sigurður man tímana tvenna og segir að margt hafi breyst, í dag sé ekki eins mikill ís og áður. Hann sagði frá því þegar hann var að sigla á Berufirði hvernig ofan á sjónum flaut þetta fallega og tæra vatn, en undir var gruggið. Og síðan byrjaði að frjósa. Þessi þunni ís sem myndaðist innarlega var hvað hættulegastur því hann var oft eins og gler og beittur eftir því. Til að sýna þyngdina og eyðileggingarmátt íssins man Sigurður eftir að hafa siglt inn fjörðinn og verið að veiða með neti sem var haldið með járnvírum sem stóðu út í sjóinn, en svo kom ísspöng í áttin að þeim og lenti á vírunum. Það var engin fyrirstaða því hún hélt áfram án þess að stoppa þrátt fyrir að þetta væru vírar úr járn.

Í höfninni á Djúpavogi myndaðist oft ís, þannig að menn þurftu að nota járnkarla við að losa bátana þar sem þeir voru frosnir fastir. Ís myndast þar enn, en í miklu minna mæli (mynd 10). Sigurður heldur að sjórinn hljóti að hafa hlýnað yfirleitt, því hann frjósi ekki eins mikið og áður.

Mesta hættan á að lenda í þessum ís í febrúar, mars, og fram í apríl. Sigurður vildi meina að fyrir áramót væri oft fremur umhleyppingasamt, og eftir áramót væri stylltara veður og þá gat ísinn myndast frekar. Hann talar um að ísröndin hafi aldrei náð lengra en þangað sem sjókvíarnar eru í dag við Glímeyri (mynd 11). Segir að sú staðsetning sé góð, því eyrarnar þar fyrir innan verji kvíarnar mjög vel. Þó segir hann að ísspangir hafi rekið alla leið til Djúpavogs.



Mynd 11. Sjókvíar í Berufirði, við Glímeysi. (Ljósmynd: Eiríkur Valdimarsson)

## Mjóifjörður

Í upphafi var það ætlunin að fara til Mjóafjarðar eystra, en af því varð ekki að þessu sinni. Þó náði ég að tala við Ingólf Sigfússon á Brún í síma, en hann segir að síðast þegar einhver lagnaðarís var að ráði hafi verið árið 2004 (minnir hann), en þá myndaðist nokkuð af honum og hann var orðinn býsna þykkur. Þá var tekið á það ráð að sigla nokkru sinnum í gegnum hann og brjóta þannig upp og bjargaði það sennilega því að ekki hlaut neinn skaði af völdum íssins.

Hann segir að ísinn myndist helst þegar snöggkælir og það sé logn. Hann sé oft ótrúlega fljótur að myndast, orðinn þónokkur á ekki nema 2–3 dögum.

Það er enginn lagnaðarís í dag, þrátt fyrir að það hafi verið aðstæður til þess að hann geti myndast. Það hafi lítillega byrjað að myndast en síðan hætt. Ísinn var a.m.k. vanur að myndast um þetta leyti, í febrúar-mars. Þetta var/er hættulegasta tímabilið.

Ísinn er vanur að brotna upp í vestanátt, og hann rekur síðan til suðurs þar sem hann hrannast upp, sennilega vegna þess hvernig straumurinn liggur í Mjóafirðinum, að sögn Ingólfs.

## 4 Yfirlit

Til að fá yfirlit yfir þær upplýsingar sem fengist hafa í þessum ferðum verður hér teknar saman helstu upplýsingar sem hafa borist frá hverjum stað fyrir sig:

**Skutulsfjörður:** Ís myndast á Pollinum, inn af Eyrinni. Þangað rennur mikið ferskvatn og kólnar fljótt, leggur á 1–2 sólarhringum.

**Álftafjörður:** N-áttir bera saltríkan sjó inn í fjörðinn og þá leggur síður. Þó leggur gjarnan í botni fjarðarins þar sem rennur mikið ferskvatn. V-áttir þóttu boða lagnaðarís. Ís myndast

helst í febrúar og mars. Frekar að undiralda sem berst úr Djúpinu sem brjóti upp ísinn frekar en vindur, enda veðursæld í Álftafirði. Rekur að Langeyri og hrannast þar upp.

**Seyðisfjörður:** Litlar upplýsingar, en þar leggur hugsanlega eitthvað í botni hans.

**Hestfjörður:** Getur lagt snemma hausts, eftir rigningar og frost og stillur. Getur náð fram að Eiði. Ís rekur í S-áttum, en í N-áttum brotnar ísinn og hrannast upp í botninum.

**Skötufjörður:** Dæmi um að þar hafi verið allþykkur ís áður fyrr, mannheldur ís jafnvel. Dæmi um að skip hafi skemmst þar af völdum íss.

**Mjóifjörður vestra:** Litlar upplýsingar þaðan. Fjörðurinn er nú brúaður við minni hans. Var vanur að leggja fyrstur, en gerði það ekki á tímabili í vetur.

**Reykjarfjörður:** Lítil og þröngur fjörður, brúaður. Leggur oftast alveg.

**Ísafjörður:** Vatnsmiklar ár renni í botni hans og talað um að þar sé oft mestur ísinn í þeim fjörðum sem eru við Djúpið. Dæmi um ís fram að Borgarey. Ísinn hverfur oft í S- og SA-áttum. Rekur í eyrar vestan megin í firðinum.

**Tálknafjörður:** Myndast frá lok nóvember fram í mars. Enn er nóg framboð íss þar á hverjum vetri. Er í Hópinu þar sem renna ferskvatnsár. Oft lygnt og veðursælt við Tálknafjörð. Kaldur sjó berst með V-áttum. Ís fer af stað í A- og SA-áttum. Safnast í massa við Eyrina, Hópsmegin. Sjókvíar eru handan við Eyrina og ver hún þær að einhverju leyti fyrir ís.

**Patreksfjörður:** Með V-áttum berst kaldur sjór. Opnari en Tálknafjörður, og lagnaðarís sjaldgæfur. Í Ósafirði innst í firðinum hefur myndast lagnaðarís.

**Berufjörður:** Myndast Berufjarðararmegin. Nær aldrei (í seinni tíð) lengra en að Þúfeyri. Mikið ferskvatn til staðar, og frýs oft eftir rigningar, logn og frost. Mest um hann í febrúar og fram í apríl. N- og NV-áttir eru harðastar og reka ís af stað. Ís myndast helst í skugga fjallanna, en auð renna getur myndast þar sem sól skín norðanmegin.

**Mjóifjörður eystra:** Myndast þegar er snöggkæling og logn, oft á 2–3 dögum. Myndast helst í febrúar og mars. Brotnar í V-átt, og rekur til suðurs þar sem hann hrannast upp.

## 5 Leiðarlök

Ljóst er að þessi heimildaöflun hefur getið af sér aukna þekkingu á hverjum stað sem vonandi á eftir að nýtast við að svara spurningum varðandi hvern stað fyrir sig, s.s. hentugleika fyrir sjókvíaeldi, staðsetningu, hvernig hægt er að staðsetja kvíar o.s.frv. Það er þó ljóst að áframhaldandi athuganir á þekkingu fólks á hverjum stað eru æskilegar. Til að mynda væri áhugavert að horfa til staða sem hingað til hafa ekki verið nýttir til sjókvíaeldis, í fjörðum þar sem aðstæður kynnu að vera hentugar fyrir slíka starfsemi. Til að afla þekkingar um slíka staði væri áhugavert að vera í nánú samstarfi við heimafólk og afla þannig upplýsinga t.a.m. með því að semja spurningalista sem sendur yrði til íbúa, sjófólks og annarra sem kynnu að þekkja til svæðanna og fá þannig svör við þeim spurningum sem óskað væri eftir. Þessi leið kynni að vera ódýr lausn við að afla upplýsinga, en í kjölfarið væri hægt að fara á vettvang og inna eftir nánari upplýsingum frá fólki sem léti sér málið varða.

## Heimildir

Í þessu verkefni fengust heimildir frá fólki sem hefur ágæta þekkingu á umhverfi sínu. Til að finna rétta aðila og fá sem bestar upplýsingar þurfti að hafa samband við marga. Hér fyrir neðan eru nöfn nokkurra einstaklinga sem veittu hvað ítarlegastar upplýsingar í þessari söfnun. Og eru þá bæði nefndir þeir sem veittu viðtal á heimilum sínum víða um land, en einnig þeir sem ræddu í síma og gáfu þannig góðar upplýsingar. Eru þá ótaldir þeir sem hjálpuðu til við að benda á heimildafólk og veittu góðar upplýsingar. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.

### Viðmælendur

Bragi Gunnlaugsson, Berufirði II í Berufirði, Djúpavogi.

Guðmundur Halldórsson, Svarthamri við Álftafjörð, Ísafirði. (Símaviðtal)

Guðmundur Valur Gunnarsson, Lindarbrekku í Berufirði, Djúpavogi.

Gunnar Blöndal, Akureyri. (Símaviðtal)

Ingólfur Sigfússon, Brún í Mjóafirði eystra. (Símaviðtal)

Jóhanna Kristjánsdóttir, Svansvík við Ísafjörð, Ísafirði.

Kristján Kristjánsson, Hvítanesi, Ísafirði. (Símaviðtal)

Magnús Kr. Guðmundsson, Þórshamri, Tálknafirði.

Rafn Oddsson, Ísafirði. (Símaviðtal)

Sigurður Jónsson, Djúpavogi.

Sigurjón Hallgrímsson, Ísafirði.

Sigurvin Hreiðarsson, Tálknafirði.

Víðir Björnsson, Hrísey. (Símaviðtal)

### Annað

Valdimar I. Gunnarsson (2008). Reynsla af sjókvíældi á Íslandi Hafrannsóknastofnunin fjölrit nr. 136, Reykjavík. 52 síður. [http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit\\_136.pdf](http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit_136.pdf)